

107.fundur hverfisnefndar Holta og Hlíðahverfis.

Haldinn 9. janúar 2018, Glerárskóli.

Mættir eru: Auður Inga Ólafsdóttir, Berglind Rafnsdóttir, Einar Gauti Helgason, Eiríkur K.Aðalsteinsson og Helgi Stefánsson. Fjarverandi Páll Árdal og Elvar Birgisson.

1. Fundur með bæjarstjóra.

Hverfisnefnd óskaði eftir því við allar hverfisnefndir bæjarins að þær sendu formann sinn á fund sem Berglind formaður bókaði með bæjarstjóranum þann 8.janúar sl. Tilefni fundarins var fíkniefnavandamál í bænum. Nefndin hefur miklar áhyggjur af fjölgun þessara mála sem upp koma í bænum og að því er virðist úrræðaleysi gagnvart þeim neytendum sem um ræðir. Á fundinn mættu 4 formenn og 3 aðrir. Mikið var rætt saman og fengum við upplýsingar um hvað bæjaryfirvöld eru að gera nú þegar í þessum vanda. Góður fundur. **Samráðsfundur hverfisnefnda Akureyrar**

Hverfisnefndin ætlar að húa saman öllum sjálfbóðaliðunum í hverfisnefndum Akureyrar og boðar til fundar í Glerárskóla þriðjudaginn 23. janúar kl. 20:00.

2. Deiluskipulag Hlíðarhverfi norður

Hverfisnefnd svaraði deiluskipulaginu fyrir lok skiladags 3. janúar 2018 og óskaði þar eftir eða lagði fram tillögu um að reitum í kringum Glerárskóla sem áttu að fá heitið „byggingarreitur“ myndu halda sig í „grænum reit“. Hverfisnefndin hefur áhyggjur af því að þegar leikskólinn kemur þá sé ekki nægjanlegt rými fyrir báða skólana og leikpláss ef búið sé að skilgreina allt í kringum svæðið sem byggingarsvæði. Sérstaklega var mótmælt svæði sem liggur hjá sparkvelli skólans og við girðingu Þórs svæðisins, sem skilgreina átti sem byggingarlóð.

3. Aðalskipulag Akureyrar 2018-2030

Hverfisnefnd svaraði aðalskipulaginu fyrir lok skiladags 12. janúar 2018 og móttmælti því sama og var gert í deiluskipulaginu.

4. Skilti við grillhús í hverfinu

Skiltið er nú í vinnslu hjá Stell og kemur til með að verða á íslensku, ensku og pólsku. Verður sett upp vonandi fyrir sumartímann og mun hverfisnefnd fara þess á leit við framkvæmdardeild bæjararins að setja skiltið upp fyrir okkur. Þá mun Seljahlíðargarðurinn vera fullbúinn grillaðstöðu, með þaki, skilti, á 3 tungumálum sem býður alla velkomna til notkunar á svæðinu og 2-3 bekkjum með borði. Hverfisnefnd hefur í hyggju að standa fyrir grillhátíð í byrjun sumars, kannski loks skólaárs og kynna svæðið fyrir íbúum.

5. Lýsing við gangbraut Hörgárbraut

Enn og aftur er umræðan um að bæta lýsingu við gangbrautina á Hörgárbraut þar sem slysin gerast. Sterkari lýsingu þarf svo ökumenn sjái vegfarendur sem yfir brautina ganga.

6. Vorverk

Við látum snjóinn ekki aftra því að gera lista strax yfir vorverkin og óskum eftir því við framkvæmdardeildina að sinna hverfinu okkar vel næsta sumar. Það þarf t.d. að:

1. Setja bekkina á sinn stað fljótt með vorinu.
2. Saga trjáreiti og gera þá góða fyrir sumarið svo reitirnir séu nýtanlegir strax á vordögum. Þá er átt við Seljarhlíðargarðinn og kvenfélagsreitinn.
3. Setja upp skiltið í Seljahlíðarreitnum og bekkina/borðin fljótt með vorinu.
4. Grisja trjáreiti með vorinu t.d. við undirgöngin hjá Einholti/Langholti
5. Mála allar gangbrautir og skoða þá sérstaklega hvort ekki eigi að vera gangbrautir þar sem Skarðshlíð mætir Höfðahlíð.

Ekki fleira rætt að sinni.

Berglind Rafnsdóttir, ritari.